


DEILISKIPULAG FYRIR INNSIGLINGARVITA VIÐ HÖFÐA

STAÐGREINIREITUR 1217.



Mælikvarði 1:1000



Mælikvarði 1:1000

Tillaga að deiliskipulagi

GREINAGERÐ OG SKILMÁLAR

**Forsendur**  
Til að tryggja örugga merkingu siglingarleiðarinnar í Gömlu höfnina og í Sundahöfn var viti í turni Sjómannaskólans tekin í notkun árið 1945. Í dag virkar hann ekki lengur sem innsiglingarviti í Reykjavíkurhöfn. Tillagan byggir á því að nýr viti verði reistur við Sæbraut rétt utan við Höfða til að leysa vitann í Sjómannaskólanum af. Frágangur á vitanum mun nýtast sem útsýnisspallur og áningastaður á göngu- og hjólaleið meðfram Sæbraut.

**Staðsetning**  
Staðsetning vitans byggir á sjómælingakortinu *Tillaga að staðsetningu innsiglingarvita við Sæbraut norðan Höfða* gert af Landhelgisgæslu Íslands í nóvember 2015 fyrir Faxaflóahafnir. Ljós vitans þarf að vera sýnilegt í að minnsta kosti 4 sjómílna fjarlægð. Vitann er staðsettur við eftirfarandi hnit: **Hnitakerfi ISN 93** - Austur 358622.343 / Norður 408206.639 eða **Hnitakerfi Reykjavíkurborgar** - Austur -20979.885 / Norður 18171.141

**Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030**  
"Strandsvæði eru svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki". Viðkomandi svæði er skilgreint sem sérstakt strandsvæði í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 -2030,sem **ST7 Norðurströnd**.  
"Svæðið er að stærstum hluta á uppfyllingu milli sjávar og Sæbrautar. Þar liggur vinsæll göngu- og hjólastígur sem tengir m.a. saman Sundahöfn og Laugarnestanga. Stefnt er að því að bæta aðgengi að sjávarmálinu, fjölga listaverkum og áningarstöðum á svæðinu."

**Hæð**  
Að teknu tilliti til eftirfarandi þátta: ljósið fari fyrir ofan umferðarljós á landkanti, lýsingu gatna, bakgrunnslýsingu mannvirkja, endurkast af byggingum, áhrif vegna sjávarágangs, og veðurfarslegra aðstæðna, er hæð á ljósi vitans bundin í 13.2 metra hæð frá sjávarmáli. Þannig er tryggt að ljós vitans sé að minnsta kosti 5 metrum yfir hæð Sæbrautar. Engin ljósmengun er frá ljósi vitans.

**Afmörkun svæðis**  
Deiliskipulagstillaga þessi nær yfir svæði nýrrar lóðar undir innsiglingarvita, landfyllingu og aðkomu.

**Skipulag**  
Ekkert deiliskipulag er til af því svæði þar sem lóð innsiglingarvitans er fyrirhuguð. Ekki er heldur til samþykkt deiliskipulag af Höfða. Lóðin verður ekki afgirt og verður hún aðgengileg almenningi. Kvðð er um gönguleið með snjóbræðslu að vitanum sem tengist núverandi göngustíg. Krafa er gerð um aðgengi fyrir alla. Áætluð lóðastærð er 38 m<sup>2</sup>.


**Grjótgarður**  
Gert er ráð fyrir lítilli landfyllingu, u.þ.b. 0,3 ha. Landfyllingin þarf ekki að fara í umhverfismat þar sem hún er undir 5 ha að stærð. Grjótvarnargarður er til að verja lóð og mannvirki fyrir sjógangi.

**Mannvirki**  
Á lóðinni er heimilt að byggja vita. Hámarkshæð vita er 5 metrar. Vitinn skal hafa sama útlit og eldri innsiglingarvitar í Reykjavíkurhöfn. Hæð á útsýnisspalli er bundin við 9.2 metra til að tryggja að stallurinn sem vitinn stendur á sé 45 sm hærri og myndi þannig setsvæði umhverfis vitann. Mannvirki skal fella eins vel að landi og auðið er og skal hönnun þeirra taka tillit til umhverfisins. Unnið skal sérstaklega með hæðarmismun á svæðinu til að auka nýtingarmöguleika þess sem almenningsrými. Huga skal sérstaklega að fallvörmum á svæðinu til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda. Handrið skal vera útfært í samræmi við núverandi handrið á eldri innsiglingarvitum í Reykjavíkurhöfn. Tryggja skal góða lýsingu á svæðinu og staðsetningu ruslastampa.

Landnotkun er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og gilda skilmálar aðalskipulags að öðru leyti en hér er tekið fram.



Mælikvarði 1:1000



Mælikvarði 1:1000

Tillaga að deiliskipulagi

GREINAGERÐ OG SKILMÁLAR

**Forsendur**  
Til að tryggja örugga merkingu siglingarleiðarinnar í Gömlu höfnina og í Sundahöfn var viti í turni Sjómannaskólans tekin í notkun árið 1945. Í dag virkar hann ekki lengur sem innsiglingarviti í Reykjavíkurhöfn. Tillagan byggir á því að nýr viti verði reistur við Sæbraut rétt utan við Höfða til að leysa vitann í Sjómannaskólanum af. Frágangur á vitanum mun nýtast sem útsýnisspallur og áningastaður á göngu- og hjólaleið meðfram Sæbraut.

**Staðsetning**  
Staðsetning vitans byggir á sjómælingakortinu *Tillaga að staðsetningu innsiglingarvita við Sæbraut norðan Höfða* gert af Landhelgisgæslu Íslands í nóvember 2015 fyrir Faxaflóahafnir. Ljós vitans þarf að vera sýnilegt í að minnsta kosti 4 sjómílna fjarlægð. Vitann er staðsettur við eftirfarandi hnit: **Hnitakerfi ISN 93** - Austur 358622.343 / Norður 408206.639 eða **Hnitakerfi Reykjavíkurborgar** - Austur -20979.885 / Norður 18171.141

**Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030**  
"Strandsvæði eru svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki". Viðkomandi svæði er skilgreint sem sérstakt strandsvæði í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 -2030,sem **ST7 Norðurströnd**.  
"Svæðið er að stærstum hluta á uppfyllingu milli sjávar og Sæbrautar. Þar liggur vinsæll göngu- og hjólastígur sem tengir m.a. saman Sundahöfn og Laugarnestanga. Stefnt er að því að bæta aðgengi að sjávarmálinu, fjölga listaverkum og áningarstöðum á svæðinu."

**Hæð**  
Að teknu tilliti til eftirfarandi þátta: ljósið fari fyrir ofan umferðarljós á landkanti, lýsingu gatna, bakgrunnslýsingu mannvirkja, endurkast af byggingum, áhrif vegna sjávarágangs, og veðurfarslegra aðstæðna, er hæð á ljósi vitans bundin í 13.2 metra hæð frá sjávarmáli. Þannig er tryggt að ljós vitans sé að minnsta kosti 5 metrum yfir hæð Sæbrautar. Engin ljósmengun er frá ljósi vitans.

**Afmörkun svæðis**  
Deiliskipulagstillaga þessi nær yfir svæði nýrrar lóðar undir innsiglingarvita, landfyllingu og aðkomu.

**Skipulag**  
Ekkert deiliskipulag er til af því svæði þar sem lóð innsiglingarvitans er fyrirhuguð. Ekki er heldur til samþykkt deiliskipulag af Höfða. Lóðin verður ekki afgirt og verður hún aðgengileg almenningi. Kvðð er um gönguleið með snjóbræðslu að vitanum sem tengist núverandi göngustíg. Krafa er gerð um aðgengi fyrir alla. Áætluð lóðastærð er 38 m<sup>2</sup>.


**Grjótgarður**  
Gert er ráð fyrir lítilli landfyllingu, u.þ.b. 0,3 ha. Landfyllingin þarf ekki að fara í umhverfismat þar sem hún er undir 5 ha að stærð. Grjótvarnargarður er til að verja lóð og mannvirki fyrir sjógangi.

**Mannvirki**  
Á lóðinni er heimilt að byggja vita. Hámarkshæð vita er 5 metrar. Vitinn skal hafa sama útlit og eldri innsiglingarvitar í Reykjavíkurhöfn. Hæð á útsýnisspalli er bundin við 9.2 metra til að tryggja að stallurinn sem vitinn stendur á sé 45 sm hærri og myndi þannig setsvæði umhverfis vitann. Mannvirki skal fella eins vel að landi og auðið er og skal hönnun þeirra taka tillit til umhverfisins. Unnið skal sérstaklega með hæðarmismun á svæðinu til að auka nýtingarmöguleika þess sem almenningsrými. Huga skal sérstaklega að fallvörmum á svæðinu til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda. Handrið skal vera útfært í samræmi við núverandi handrið á eldri innsiglingarvitum í Reykjavíkurhöfn. Tryggja skal góða lýsingu á svæðinu og staðsetningu ruslastampa.

Landnotkun er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og gilda skilmálar aðalskipulags að öðru leyti en hér er tekið fram.




Vitinn og umhverfi hans séð ofan úr Höfðatorgi



Sniðmynd sem sýnir bindandi hæðir fyrir vita og útsýnisspall

Mælikvarði 1:200



Hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030

Merking tákna:

- Mörk deiliskipulags
- Byggingarreitur
- Ný lóðarmörk
- Núverandi byggingar
- Núverandi göngustígur
- Núverandi hjólastígur
- Aðkoma
- Staðsetning á vita skv. hnitum
- Kvðð um stíg og snjóbræðslu
- Nýr varnargarður



DEILISKIPULAG ÞETTA HEFUR FENGID MEDFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 1. mgr. 43. gr. SKIPULAGSLAGA nr. 123/2010

VAR SAMÞYKKT Í Borgarstjórn  
ÞANN 16. mars OG  
embætti skipulagshafna ÞANN 12. maí 2017  
TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ 24. mars MED  
ATHUGASEMDAFREST TIL 5. maí 2017  
AUGLÝSING UM GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSINS VAR BIRT  
Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN                     .

**YRKI ARKITEKTAR**  
Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík  
Sími: +354 552 6629  
Kt: 560997-3109  
www.yrki.is  
yrki@yrki.is  
Andri H. Ágústsson Arkitekt F&L  
Sölvald Berg Arkitekt F&L

| VERKNAUÐI       |          | VERK             |            |
|-----------------|----------|------------------|------------|
| REYKJAVÍKURBORG |          | INNSIGLINGARVITI |            |
| DAGSETN.        | MKV.     | TEKNAÐ AF        | ÚTGEFIÐ AF |
| 02.03.17.       | 1:1000   | SB/SÖH           | ÁHA/SB     |
| TEKNING         | VERK NR. | TEKNING NR.      | ÚTGÁFA     |
| D01             | V224     | 1 af 1           |            |